

Úttekt á viðskiptaháttum í verðbréfavíðskiptum hjá Glitni

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi athugun á viðskiptaháttum í verðbréfavíðskiptum hjá Glitni banka hf. (Glitni) dagana 6. mars til 19. mars 2007. Athugunin var afmörkuð við eignastýringu, einkabankþjónustu, miðlun og eigin fjárfestingar, kínamúra og regluvörslu. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að birta niðurstöður slíkra athugana í samræmi við gagnsæisstefnu þess á grundvelli 108. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Fjármálaeftirlitið hefur sent Glitni skýrslu sína og gert ýmsar athugasemdir og úrbótakröfur. Rétt er að taka fram að Glitnir hefur upplýst Fjármálaeftirlitið um það, að síðan athugunin fór fram hafi verið gerðar ýmsar breytingar á starfsháttum bankans, sem miða að því að bæta úr þeim atriðum sem áfátt þóttu. Undirbúningur sumra þeirra breytinga var þegar hafinn þegar úttektin fór fram en öðrum var ýtt úr vör í kjölfar athugasemda eftirlitsins.

Helstu niðurstöður athugunarinnar voru eftirfarandi.

- Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við að almennt hafi verið of lítil áhersla lögð á að starfsmenn kynntu sér og framfylgdu verklagsreglum. Gerðar eru athugasemdir við skort á utanumhaldi kvartana og kerfisbundnu innra eftirliti með framkvæmd reglna á ákveðnum sviðum.
- Varðandi Eignastýringu og Einkabankþjónustu eru gerðar athugasemdir við tilvik þar sem skortur var á skriflegum samningum og skjalfestri fjárfestingastefnu auk frávika frá fjárfestingarstefnum tiltekinnna eignasafna.
- Varðandi staðlaða samninga um verðbréfavíðskipti er bent á að þeir séu einhliða og því sé æskilegt að mælt sé skýrt fyrir um réttarsamband bankans og viðskiptamanna, þ.e. réttindi og skyldur hvors aðila.
- Gerðar eru athugasemdir við ónóga upplýsingaöflun og mat á þekkingu og reynslu viðskiptamanna áður en verðbréfavíðskipti eiga sér stað. Jafnframt er bent á mikilvægi þess að þeir sem annast ráðgjöf og sölu verðbréfa hafi ávallt forsendur til að stunda slíka ráðgjöf.
- Gerðar eru athugasemdir við staðsetningu greiningardeildar innan markaðsviðskiptasviðs m.t.t. reglna um kínamúra.
- Gerðar eru athugasemdir við flesta þá þætti sem teknir voru til skoðunar og snúa að regluvörslu en úrbóta var þörf varðandi umgjörð og framkvæmd.